

Innbyggt táknmál vefjarins

MYNDLIST

ÞÓRA
ÞÓRSÐÓTTIR



Ingibjörg Jónsdóttir

★★★★☆

„Erkítýpur“, vefnaður og blönduð tækni. Listasafn ASÍ, Arinstofa og Ásmundarsalur. Sýningin stendur til 6. febrúar. Opíð alla daga nema mánudaga frá kl 13-17. Aðgangur ókeypis

Sýning Ingibjargar Jónsdóttur í Listasafni ASÍ er tvískipt. Í Ásmundarsal er stór sviðsett innsetning sem samanstendur af mörgum gömlum hurðum og víravirki sem tengir þær saman í rýminu. Hurðir eru hér notaðar sem erkítýpískar táknmyndir fyrir skil á milli heima, opnanir og lokanir í guddóminum, sögunni eða sálinni. Talið er með vísun í orðsifjafræði að hurðir hafi upphaflega verið ofnar eða fléttaðar úr trjágreinum og dýpkar það enn frekar merkingarsvið táknmyndarinnar og tengir innsetninguna



Ingibjörg á sýningunni „Sýning Ingibjargar snertir streng forsögulegrar vitundar og dregur athygli að heimspeki efnisheimsins,“ segir í dómnum.

verkunum í Arinstofu sem eru meira í ætt við hefðbundin vefverk.

Hin „hefðbundnari“ vefnaðarverk í Arinstofu eru þó alls ekki neitt hversdagsleg nema síður sé. Efniviðurinn er m.s. örfinn silfurvír, silkiþráður, pergament og niðurskornar nótur sem er spilað með örþunnri grisju gerðri úr ananastrefjum. Yfirbragð verkanna er lágstemmt um leið og forsöguleg minni

í bland við líkamlega nánd hleður þau orku. Í andyri má sjá undir gleri einskonar sýnisbók í aðferðafræði Ingibjargar þar sem ofin eru fínleg DNA mynstur í samanskreppandi þræði ásamt silfur og silkivefnaði. Pergamentið er náttúrulega lífrænn húðvefur og klæði úr þræði er það efni sem við setjum næst húðinni.

Vefurinn er ein elsta táknmynd sköpunar á borð við leirkerasíði og

útskurð; „Ég hef ofið þig í móðurlífi“ segir Guð við Davíð í Sálmunum og vefurinn ásamt öðrum textíl er einnig notaður sem merkingahlaðnar táknmyndir í Biblíunni sem og öðrum eldri sem yngri trúarbrögðum. Nærtækt er fyrir okkur Íslendinga að vísa í sagnir um valkyrjur og ör-lagavefnað hvers konar, þá ekki síst hinn gróteska vefnað sem sagt er frá í Darraðarljóðum þar sem vopn, hauskúpur og innfyli eru uppistaða vefjarins. Vefnaðurinn er í eðli sínu rytmiískur og ritúalískur, tengist þjóðfélagsstöðu, kveðskap, sagnaljóðum, spádómum og álögum. Vefnaður er oft hlaðinn tilfinningum eins og þegar Áslaug gefur Ragnari Loðbrók verndarserk sem hún óf úr sínu eigin gráu hárum sem endurgjald fyrir silfurofnum serk sem Ragnar gaf henni í byrjun þeirra sambands.

Sýning Ingibjargar snertir streng forsögulegrar vitundar og dregur athygli að heimspeki efnisheimsins. Efniskennd og handverk njóta sín einstaklega vel á sýningunni og ótrúlega eðlisfalleg verk í Arinstofu gera sýninguna ógleymanlega.

